



*Dagný Kristjánsdóttir:*

## Blóðug fortíð...

### Um uppeldisstefnu og ævintýri

*Dagný flutti þennan stórfróðlega og skemmtilega fyrirlestur í Gerðubergi 3. mars sl. Veitti hún okkur góðfúslega leyfi til að birta hann í blaðinu. Gaman er að geta þess að á ráðstefnunni söng Olga Guðrún Árnadóttir Ókindarkvæði svo unun var á að hlýða.*

Farðu að sofa, blessað barnið smáa  
brúkaðu ekki minnsta fjandans þráa  
Haltu kjafti! Hlýddu og vertu góður!  
Heiðra skaltu föður þinn og móður.<sup>1</sup>

Hér sameinar Káinn í *Nýrri vögguvísi* ástina á barninu, blíðu ef ekki tilfinningasemi, sem kastast snögg yfir í óþolinmæði, reiði og árásargirni sem beinist strax að því að brjóta vilja barnsins vegna þess að fjórða boðorðið segir að barnið eigi að vera foreldrinu undirgefið. Í raun þyrfti ekki að segja meira því að allt þetta hefur einkennt viðhorf fullorðinna til barna öldum saman.

Hvar eigum við að byrja að segja þá sögu? Við skulum byrja á síðmiðöldum en Loftur Guttormsson hefur lýst kenningum franska sagnfræðingsins Philippe Aries sem hélt því fram að miðaldamenn hafi haft lítinn áhuga á bernskunni enda hafi þeir ekki haft það sem hann kallar *bernskuvitund*. Bernskuvitund er vitund eða vitneskja um að bernskan sé sérstakt tímabil ævinnar með eigin einkennum og þroskaferli. Menn litu fremur á bernskuna sem biðtímabil, barnið var í raun lítill fullorðinn maður frá upphafi en vaxandi aldur afhjúpaði

smám saman þá fullorðnu sál sem inni fyrir bjó.<sup>2</sup>

Viðhorfið til barna og bernsku breyttist á tímabilinu 1450-1650. Landafundunum 1492 fylgdi aukin velmegun og verkaskipting í Evrópu, millistéttin stækkaði og hafði efni á að láta börnin vinna minna, prentlistin ruddi sér til rúms og á upplýsingatímanum spruttu upp skólar fyrir heldri manna börn. Þau þurftu nú lesefni og markaður var þar með orðinn til fyrir sérstakar bækur ætlaðar börnum á átjándu öld enda sérstaða bernskunnar þá ekki aðeins viðurkennd heldur beinlínis orðin viðfangsefni lærðustu manna. Fyrstu barnabækurnar tengdust skólunum, voru stafrófs- og lestrarkver, auk þess sem Biblían þótti hollt lesefni fyrir börnin og líka dæmisögur Esóps sem voru afar vinsælar á sautjándu og átjándu öld.<sup>3</sup> Dæmisögur og viðvörunarsögur handa börnum fossuðu sömuleiðis fram á upplýsingatímanum en löngu áður höfðu aðrar sögur eða þjóðsögur og ævintýri slegið í gegn sem alþýðleg sagnaskemmtun í munnlegum flutningi.

Enginn veit hvaðan ævintýrin komu upphaflega eða hvernig og hvenær þau bárust til Evrópu. Við rekumst á sömu ævintýrin í ólíkum myndum í Kína, Afríku og Evrópu. Sagnasafnið Þúsund og ein nótt kom frá

1 Vísabók Káins, Bókfellsútgáfan, Reykjavík, 1965, 65

2 Loftur Guttormsson: Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðræðilegrar greiningar, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10, Reykjavík, 1983, 16-17

3 Vibeke Stybe: Fra Askepot til Asterix, Munksgaard, København, 39-54

Austurlöndum til Evrópu, krossfararnir komu með afrikönsk ævintýri, heima fyrir áttu menn sínar eigin þjóðsögur og ævintýri og allt blandaðist þetta saman. Sagnaskemmtun var gjarnan stunduð þar sem menn komu saman til að skemmta sér eða sátu saman við vinnu sína eins og skraddarasveinarnir sem sátu með krosslaga fætur uppi á borðunum. Til þessara iðnnema eru raktar margar af prakkarasögnum sem segja oftast frá því hvernig fátækir en ákaflega hæfileikaríkir og slægvitrir ungir menn fara að því að svíkja og pretta og stela öllu steini léttara frá yfirstéttinni.

Þjóðsögur og frásagnarkvæði, sem varðveitt eru í munnlegri geymd, eru í raun opnir textar í sífelltri þróun af því að þeir breytast frá einum flutningi til annars, frá einum sögumanni til annars, frá einum hópi áheyranda til annars. Á sama hátt er engin frumgerð til af þekktustu alþýðuævintýrunum eins og *Einiberjatrénu* sem er til í 900 megintilbrigðum. Prakkarasögurnar voru sagðar fullorðnum af fullorðnum og alþýðuævintýrin sem við teljum fyrst og fremst sögur fyrir börn voru upphaflega alls ekki ætluð börnum heldur fullorðnum.<sup>4</sup> Gömlu alþýðuævintýrin eru heldur ekkert barnaefni að okkar mati. Þau bjóða upp á herfileg brot á viðteknum reglum, þau hampa bragðvísi og óheiðarleika og þau segja óhikað frá morðum og mannáti. Eins og þetta væri nú ekki nóg bregða þau líka fyrir sig „saurfræðilegum“ (scatologískum) bröndurum og dónaskap sem fer ekki á milli mála.

Þannig hefst franska alþýðuútgáfan af *Rauðhettu* á því að móðirin segir Rauðhettu að hún geti valið á milli tvenns konar leiða gegnum skóginn, saumnála- eða títuþrjónavegin, en báðar hafa leiðirnar kynferðislegar vísanir sem franskt bændafólk þekkti mjög vel. Eftir að Rauðhetta er búin að segja úlfinum hvar amma á heim og skemmta sér sjálf í skóginum við berjatínslu og blómaskoðun kemur hún að húsi ömmu. Í millitíðinni hefur úlfurinn drepið ömmu, gert að skrokkunum eins og færasti kjötiðnaðarmaður og dýrindis réttir krauma á hlóðunum. Þegar Rauðhetta kemur tekur hún hraustlega til matar síns af smásteikinni (fricasse) og ljúffengri sósu, að hætti úlfsins, enda svöng af útiverunni, og hún drekkur blóð ömmu úr rauðvínsglasi með og allt er þetta eins og best verður á kosið. Úlfurinn, sem liggur í rúminu, býður stúlkunni að leggja sig eftir matinn. Rauðhetta byrjar að fækka fötum eins og erótískur dansari og spyr úlfinn við hverja flik að því hvað hún

eigi að gera við svuntuna, kjólinn, undirpilsíð, lífstykkið og sokkana en úlfurinn og segir henni að kasta þessu bara í eldinn – hún þurfi ekki að nota þetta framar. Komin upp í rúm til úlfsins gerir Rauðhetta athugasemd um það hve loðinn hann sé á bringu og handleggjum en því svarar úlfurinn og segir: „Það er aldurinn, barnið mitt, það er aldurinn.“<sup>5</sup> Nú grunar Rauðhettu loks hvað til stendur og spyr „ömmu“ hvort henni sé ekki sama



Trérista frá 16. öld

þó að hún bregði sér út undir vegg til að gera þarfir sínar áður en hún fái sér blundinn. Undir þessu saurfræðilega yfirvarpi sleppur hún frá úlfinum. Veiðimaðurinn er hvorki boðinn í ömmu – né Rauðhettuveislu enda á hann ekkert erindi inn í þessa sögu, segir franskir mannfræðingurinn Yvonne Verdier. Hann kemur fyrst inn í Rauðhettusöguna í Grimmsævintýrunum en þar hefur verið skeytt aftan við ritskoðaða Rauðhettu endinum á ævintýrinu um kiðlingana sjö þar sem úlfurinn er sprettur upp, kiðlingunum bjargað lifandi úr kviði úlfsins sem fylltur er af steinum.<sup>6</sup>

4 Dieter Richter, Johannes Merkel: Eventyr, fantasi og social indlæring, GMT, 1977, 39-41  
5 Yvonne Verdier: *Rauðhetta í munnlegri geymd*, Tímarit Máls og menningar, 3, 1983, 297

Veidimaðurinn, sjálfur bjargvætturinn, er ekki einu sinni í frönsku alþýðuútgáfunni af Rauðhettu og úlfurinn er heldur ekki aðalatriði sögunnar fyrr en í síðari tíma útgáfum Perrault og Grimmbraðra frá síðari hluta átjándu aldar og fyrri hluta þeirrar nítjándu. Í munnlegri geymd fjallar sagan um kvennaheim, um manndóms- eða kannski frekar kvenmannsdómsvígslu, um það hvernig unga stúlkan tekur við hlutverki eldri konunnar í endurframleiðsluferlinu, samsamar sig formóðurinni með því að gera hennar hold að sínu holdi á táknrænan



Teikning eftir franskan listamann frá 1493

hátt eins og lærisveinarnir tóku við trú og hlutverki með því að neyta líkama og blóðs Kristis.

Við þetta má bæta einu mikilvægu atriði sem er að frönsku alþýðuævintýrin um mæður og dætur bera þess merki að þau eru félagsmótandi sögur sem eiga að búa ungar stúlkur undir lífið. Þar er ekki gert ráð fyrir að unga kvennakynslóðin taka yfir hlutverk þeirrar eldri með ofbeldi heldur þegar báðar eru tilbúnar til þess og úlfurinn/karlinn á ekki að stjórna því hvenær þetta

gerist.<sup>7</sup> Sagan af Rauðhettu var sem sagt upphaflega skemmtisaga með alvarlegum undirtónum, sögð fullorðnum áheyrendum af fullorðnum sögumönnum.

Nokkur sagnasöfn fyrir fullorðna eru til frá sextándu og sautjándu öld eins og ítalska sagnasafnið *Pentameron* sem skráð var niður á sautjándu öld (1635) af Napolíbúanum Basile sem byggði sagnasafn sitt upp sem fimm daga skemmtun þar sem tíu sögukonur segja samtals fimmtíu sögur. Þarna er til dæmis að finna eldgamla úgáfu sögunnar um Þyrnirósu sem í ítölsku gerðinni heitir *Sól, Máni og Talía*. Sagan segir frá ungrri og undurfagurri aðalsmey sem heitir Talía. Faðir hennar lætur spámenn spá fyrir um örlög dótturinnar og þeir sjá það fyrir að hún muni stinga sig á hörnál og biða af því mikið tjón. Því lætur faðirinn fjarlægja allan hör og banna hörvinnslu í höll sinni. Í fyllingu tímans hittir dóttirin gamla konu sem er að vinna hör og stingur sig á honum eins og vera ber. Faðirinn og móðirin láta búa fagurlega um hana, yfirgefa síðan kastalann og læsa honum.

Dag einn kemur svo konungur landsins að þessum kastala þar sem hann er að veiðum með mönnum sínum. Hann klifrar inn um glugga í höllinni og finnur hina sofandi fegurðardís og nauðgar henni umsvifalaust. Síðan heldur hann áfram á veiðiferð sinni og gleymir stúlkunni. Hún fæðir hins vegar tvíbura sem góðar dísir hjálpa í heiminn og leggja á brjóst hennar. Annar þeirra veltur út af brjóstinu og sýgur putta móðurinnar í staðinn. Þar sýgur hann út hörnálina sem svæfði hana forðum tíð og vaknar hún þá. Verður nú mikill fagnaðarfundur með móður og tvíburum. Ári seinna er kóngur aftur að veiðum í skóginum og minnst nú stúlkunnar föggu og ætlar að endurtaka nauðgunina en finnur hana þá vakandi með börnin sem hún hefur kallað Sól og Mána. Kóngur dvelur nú nokkra daga hjá þessari nýju fjölskyldu en fer svo heim og getur ekki um annað hugsað en Talíu og börnin. Drottning hans verður mjög tortryggin og afbrýðissöm og er ekki lengi að komast að öllu saman. Hún sendir falskan sendiboða til Talíu og lætur hann sækja börnin í nafni konungs en þegar þau eru komin til hallarinnar skipar hún kokkinum að slátra þeim og matreiða fyrir kónginn en hann tímur því ekki og slátrar tveimur kiðlingum. Þá borðar kóngurinn en drottningin situr yfir honum og


6 Sama, 286

7 sama 304

8 Sören Christensen: Tornerose i Eventyrskogen og andre kapitler om folkeeventyr, Gyldendal, 1976, 127

9 Christensen, 121-130

10 Nanna Rögnvaldsdóttir: Matarást, Alfræðiorðabók um mat og matargerð, Íðunn, Reykjavík, 1998, 478n



Mynd eftir James Gillray, 1792

segir: Blessaður borðaðu, þetta er hvort eð er þitt eigið kjöt.

En drottningin er ekki búin að fá nóg og næst sendir hún eftir Taliú í nafni konungs og leggur drög að því að brenna hana á báli. Á síðustu stundu bjargar kóngur henni og brennir drottninguna og hjálparmann hennar á báli en þegar á að brenna kokkinn líka fyrir barnadrápin sver hann fyrir þau og hrópar:

„Sannlega segi ég þér herra að ég hefði ekki átt skilið aðra umbun fyrir þá þjónustu en að vera þræddur upp á steikartein. Ég gæti ekki óskað mér annarrar launauppbótar en þeirrar að vera kastað í glóandi ofninn. Engin eftirlaun hefðu hæft mér betur en þau að vera soðinn og steikur eftir öllum kúnstarinnar reglum. Enginn heiður hefði freistað mín meira en að aska kokksins fengi að blandast ösku drottningarinnar. En seint hefði ég trúað að þetta yrðu þakkirnar sem ég fengi að launum fyrir að hafa frelsað börn þín frá tíkarsál þeirri sem heimtaði að ég dræpi þau og gæfi þér þitt eigið hold og blóð að borða.“<sup>8</sup>

Kóngurinn launaði nú kokkinum ríkulega, giftist Taliú og þau áttu börn og buru, grófu rætur og muru og

svo framvegis

Rúmum sextíu árum síðar (1697) sneri franskri sagnameistarinn Perrault þessari sögu yfir í siðmenntað form fyrir litlu frönsku kóngabörnin og það segir sig sjálf að það var afar óviðeigandi að lýsa drottningunni sem morðingja og kónginum sem nauðgara. Perrault breytti þannig kónginum í kóngsson sem vekur Þyrnirós fyrst áður en hann leggur drög að tvíburunum. Prinsinn er í frönsku gerðinni svo ástfanginn að hann lætur hjá líða að benda prinsessunni á að háir kragar séu löngu komnir úr tísku og kjóllinn hennar sé svo gamaldags að minni á kjóla ömmu hans.<sup>9</sup> Móðir prinsins, gamla drottningin, er mannæta og vitlaus í barnakjöt. Henni tekst að góma tvíburana, barnabörn sín, og skipar kokkinum að matreiða þá en Perrault tekur fram að hún vill fá þau framreidd með Sause Robert – en það er sterk sósa búin til úr smjöri, hvítvíni og lauk og krydduð með sinnepi.<sup>10</sup> Börnunum er bjargað og allt endar vel að lokum. Í Grimmsævintýrunum fáum við síðan þá siðprúðu og ritskoðuðu Þyrnirósargerð sem við þekkjum best með þyrnigerði og aldarlögum svefni, engu kynlífi og engu



barnaáti.

Ævintýrin breyttust þannig land úr landi og frá einni gerð til annarrar en hin eiginlega ritskoðun þeirra fór fram þegar þau voru færð í letur og aðlöguð að meintum þörfum barna. Þá voru valin fágæðri tilbrigði af sögunum þar sem hinn alþýðlegi uppruni sögunnar var enn skýr en ósiðlegustu og gróteskustu atriði munnlegu gerðanna voru felld burt og sögunum gefið það sem börn þörfnuðust sérstaklega. Hvers þörfnuðust börn sérstaklega? Það lá alveg ljóst fyrir; þau þörfnuðust dæmisagna og viðvörunarsagna eins og sagðar höfðu verið af mikilli íþrótt í meira en hálföld þegar bræðurnir Grimm og Asbjörnsson og Moe hófu að safna alþýðusögum og -ævintýrum á fyrri hluta níjtjándu aldar. Viðvörunarsögurnar sem voru í raun fyrstu sögurnar sem sérstaklega voru samdar fyrir börn. Þær lögðu til frásagnarformið sem hægt var að hafa sér til fyrirmyndar þegar safnararnir höfðu valið þær ævintýragerðir sem þeim voru þóknanlegar og hófu að aðlaga þær. Frá þessum viðvörunarsögum er að hluta til komið það tvíráða eða neikvæða viðhorf til barna sem setti sitt mark á fyrstu ævintýrasöfnin og er bókstaflega samgróið barnabókmenntahefðinni ef ekki sjálfur grundvöllur hennar og kennimark.

Bandaríski bókmenntafræðingurinn Maria Tatar hefur skrifað bókina *Af með hausinn (Off with their head)*, 1992) og þar bendir hún á að viðvörunarsögur (cautionary tales) eigi það sameiginlegt að ráðast af mikilli heift gegn forvitni og óhlýðni barna. Í sögunum leiðir forvitnin alltaf hræðilega ógæfu yfir börnin í sögunum og fall þeirra úr gæfu í ógæfu er mikið. Hún tengir þetta fall við sjálfst syndafallið en eins og allir vita var það forvitnin sem fékk Adam til að bíta í eplið sem Eva bauð honum. Börn voru á öldum áður ekki talin saklaus, þvert á móti, þau voru syndug af því að þau voru ávextir erfðasyndarinnar og því var skírinn svo mikilvæg ef börnin áttu ekki að fara beint til helvítis. Og jafnvel þó að börnin hefðu verið hreinsuð af erfðasyndinni með skírn lágu þau undir grun um að vera staðfestulaus og veik fyrir freistingum djöfulsins vegna einfaldni sinnar og barnaskapar.<sup>11</sup>

Tatar vitnar í bókina *Áhorfandinn góði* frá síðari hluta 19. aldar þar sem eitt af hinum dyggðum prýddu barna sögunnar gortar af að þeim systkinum hafi ekki lengi verið refsað fyrir óþekkt. Því svarar móðirin með því að ávíta dótturina fyrst fyrir gortið með tilvitnun í ritninguna um að börn megi ekki gorta og bætir síðan þessu við: „Ef þið hafið ekkert brotið af ykkur nýlega, er það hvorki vegna gæsku ykkar né visku, heldur af því að faðir ykkar og ég höfum verið með ykkur, vakað yfir hverri ykkar hreyfingu og veitt ykkur handleiðslu frá morgni til kvölds.“<sup>12</sup> Í þessu felst náttúrlega algjört vantraust á barninu og trú á að aðeins strangur agi og stöðug aðgæsla geti haldið í hemilinn á því. Börnum var alls ekki treystandi til að velja hið góða og rétta þó að þau vissu að þau ættu að gera það, þvert á móti, þau voru líkleg til að velja hið ranga af óhlýðni við foreldra sína, hreinni forvitni eða einskærri forherðingu.

Hér skulu nefnd þrjú dæmi um viðvörunarsögur en þær eru allar úr safni Grimmsbræðranna en þar er að finna þjóðsögur, dæmisögur og viðvörunarsögur sem eru minna þekktar en töfraævintýrin frægu.

Í sögunni af *frú Trúde* segir frá stúlku sem langar mjög til að heimsækja frú Trúde þó að fólk segi að sitthvað óhugnanlegt sé að gerast í og í kringum hús hennar. Þegar stúlkan óhlýðna og þrjóska er á leið upp að húsinu sækir eitthvað að henni og hún finnur að hún er að breytast í viðardrumb. Þessum viðardrumb, sem áður var söguhetja okkar, kastar Frú Trúde í eldinn eins og hún er von að gera við forvitin börn og segir: „Þetta er aldeilis fallegur og skær logi,“ um leið og hún vermir sig við logana.

Önnur saga segir frá barni sem var svo óþekkt að Guði ofbauð hegðun þess. Það gegndi aldrei móður sinni. Guð lét því þennan litla dreng verða veikan, veslast upp og deyja. En drengurinn gat ekki einu sinni legið kyrr í gróf sinni heldur rétti aðra höndina uppúr moldinni, sama hve ákafst fólk reyndi að hylja hana. Loks neyddist móðir barnsins til að fara sjálf á vettvang og slá á handlegginn með svipu. Eftir að hún hafði svo refsað drengnum gat hann dregið höndina tilbaka og fengið frið í gröfinni.

11 When Adam was deceived, I was of life bereaved; / Of late (too) I perceived, I was in sin conceived" yrkir John Bunyan í *Book for Boys and Girls* (1686).

12 Maria Tatar: *Off with their heads*, Princeton University Press, New Jersey, 90

13 Biblían, II Mósebók 20,12. Hið íslenska biblíufélag 1969, 82

14 Tatar 28-30

15 Silja Aðalsteinsdóttir: *Barnið í miðjunni*, Dagblaðið 31. mars, 2000

Enn önnur saga segir frá Mariubarninu sem er uppmunið til himna af sjálfri jómfriú Maríu af því að foreldrar litlu stúlkunnar geta ekki lengur séð fyrir henni. Allt leikur í lyndi hjá henni og hún fær kökur og drekkur mjólk allan liðlangan daginn, klæðist í gullföt og leikur sér við litlu englana. Þegar hún verður fjórtán ára leggur María fyrir hana prófraun. Hin heilaga guðsmóðir trúir henni fyrir lykllum að þrettán hurðum en hún má aðeins opna tólf og alls ekki þá þrettánda. Löngunin eftir að finna út hvað sé á bak við þrettánda hurðina verður svo sterk að stúlkun er friðlaus. Loks



Myndskreyting við söguna af Mariubarninu

opnar hún hurðina en þegar yfir því og þykist aðspurð ekkert hafa gert. „Þú hefur óhlýðnast mér,“ segir Jómfriúin, „og þú hefur logið að mér. Þú ert ekki lengur verðug þess að vera hjá mér á himnum.“ Stúlkun er gerð brottræk úr paradís en hún getur ekkert farið og ekkert gert því að hún er umlukin þéttri þoku sem myndar vegg kringum hana svo að hún neyðist til að búa um sig í holu tré, fötin visna utan af henni, hún lifir á berjum og rótum og drekkur svitann sem rennur niður hennar eigin andlit. Þetta er fyrri hluti sögunnar en seinni hluti hennar segir frá því að konungur nokkur á veiðum í skóginum finnur hina fögru stúlkun í trénu og giftist henni. Hún elur honum þrjú börn en María tekur hvert og eitt þeirra til sín upp til himna til að halda áfram að refsa móður þeirra fyrir að vilja ekki játa sekt

sína. Drottningin er ákærð fyrir að hafa banað börnunum og það er fyrst þegar á að brenna hana á báli sem hún brotnar, viðurkennir brot sitt gegn banni Jómfriú Maríu, iðrast gjörða sinna og er fyrirgefið.

Boðskapur þessara sagna til barna er einfaldur segir Maria Tatar en hann er að forvitni sé hættuleg en þrjúska og uppreisn glæpsamleg og muni refsað grimmilega. Nútímalesanda blöskrar grimmindin og á erfitt með að sjá sambandið á milli hörku refsingarinnar og þess hve alvarlegur glæpurinn var upphaflega. Eins og þegar litli óhlýðni og fiktsami drengurinn dregur spýtu úr vegg í húsi föður síns í leyfisleysi með þeim afleiðingum að húsið hrynur og öll fjölskylda hans ferst. Boðskapurinn varðar skilyrðislausu undirgefni, auðmýkt og hlýðni. Í Biblíunni segir: „Heiðra föður þinn og móður þína, svo að þú verðir langlífur í því landi, sem Jahve, Guð þinn, gefur þér.“<sup>13</sup> Lúter túlkaði þessi orð ritningarinnar svo: „Þeir sem ekki hlýða (foreldrum sínum) munu deyja ungir og ekki verða langlífir.“ Það þurfti ekki að kveða upp þyngri dóm en þennan sjálfkrafa dauðadóm en Kalvín taldi þetta ekki nóg og lagði óhlýðni við foreldra að jöfnu við höfuðglæpi sem refska bæri fyrir með lífláti.<sup>14</sup>

Ef barnið var illt í eðli sínu og sótti í hið illa þýddi ekki að höfða til þess betri manns í því skyni að hindra það í að fara að sínum illa vilja en ekki foreldranna góða vilja. Þá var aðeins eitt ráð eftir en það var að hræða barnið frá því að gera það sem það mátti ekki. Stundum voru hinir fullorðnu beinlínis að hræða barnið frá því að fara á staði þar sem það gæti farið sér að voða eins og Sölvi Sveinsson talaði um á málþingi um barnabækur í Gerðubergi í fyrri. Fyrst setti hann barnið í miðju heimsins, þar sem bóndabærinn þess stóð. Svo umkringdi hann það með skrímslum sem bjuggu á endimörkum heimsins þar sem hættur biðu eftir barninu. Það mátti ekki fara að vatninu; þar var nykrinum að mæta, ekki upp í hamrana; þar var huldufólkið, ekki í fjöllin; þar voru tröllin og alls ekki niður að sjó því að þar voru marbendlar og kynjadýr.<sup>15</sup>

Stundum getur hins vegar verið erfitt að sjá við hverju er verið að vara barnið í gömlu töfraævintýrunum. Hverju óhlýðnast Þyrnirós til dæmis þegar hún tekur snælduteininn í sína hönd? Hún veit ekki um álögin og veit ekki hvað snælduteinn er og enginn hefur bannað henni neitt. Foreldrarnir hafa falið veruleikann fyrir henni í stað þess að kenna henni að lifa með honum. Það eru þannig engin innri rök til staðar í sögunni, ekkert bann og þar af leiðandi ekkert brot, bara refsing! Fyrir hvað er verið að refska Þyrnirósu? Skiptir það kannski ekki máli? Er það kannski ekki þrettánda hurðin sem máli skiptir í sögunni af Mariubarninu heldur bannið

sjálft - það að opna ekki, gera ekki eitthvað, virða NEI Laganna? Við skulum geyma þessa spurningu aðeins en líta okkur nær og heyra eina gamla og góða íslenska barnagælu:

### Ókindarkvæði

Það var barn í dalnum  
sem datt niður um gat,  
;: en þar fyrir neðan  
að ókindin ;:; sat

En þar fyrir neðan  
sat ókindin ljót  
;:; náði hún þá naumlega  
neðan í barnsins;:; fót

Náði hún þá naumlega  
neðan í barn  
;:; dró það út um dyrnar  
og dustaði við;:; hjarn

Dró það út um dyrnar  
og dustaði við fönn  
;:; ætlaðist til að úr því hryti  
ein lítil;:; tönn

Ætlaðist að úr því hryti  
augað blátt  
;:; ókindin lamdi það  
allt fram á ;:; nátt

Ókindin lamdi það  
í þeim stað  
;:; þar til um síðir  
að þar kom maður;:; að

Þar til um síðir  
að þar kom maður einn,  
;:; upp tók hann barnið  
og ekki var hann ;:; seinn.

Upp tók hann barnið  
og inn í húsið veik,  
;:; ókindin hafði sig  
aftur á;:; kreik

Ókindarkvæðið  
endar nú hér.  
;:; Litli stúfur, litli stúfur  
gáðu nú að;:; þér.<sup>16</sup>

Við hvert fótmál litla stúfs getur jörðin opnast og í undirdjúpunum lúrir ófreskjan sem sætir færís á að ráðast á barnið og berja það til óbóta. Hvers vegna? Um það segir kvæðið ekki neitt. Hvað hefur barnið brotið af sér til að kalla á slíkt ofbeldi? Ekkert að því er séð verði. Af kvæðinu má ráða að það hafi farið einsamalt út úr bænum og það hefði getað orðið örlagaríkt fyrir þriggja til fjögurra ára stúf sem bjó í bæ við tjörn eða á árbakka forðum tíð. En þarf að hræða barnið, mögulega fyrir lífstíð, til að forða því frá grandí? Og hver er ókindin ef út í það er farið?

Eva María Jónsdóttir túlkar hina sálfræðilegu djúpperð þessarar „barnafælu,“ eins og hún kallar hana, svo að hér sé lýst öfugri fæðingarmynd, ókindin reynir að afturkalla fæðinguna og dregur barnið niður í djúp jarðarinnar. En afturköllun fæðingar er það sama og dauði og frá hinni hrollvekjandi en um leið undarlega seiðandi ferð niður í dimm og rök djúpin til ókindarinnar liggur leiðin aftur upp á hvítt hart yfirborð þar sem ókindin ætlar að drepa barnið. Bjargvættur barnsins er fulltrúi feðraveldisins því að barnið verður að ná valdi yfir bæði óttanum og aðlöguninni að óreiðunni sem lýst er í kvæðinu og þá er það hólpíð – í bili. Ókindin fær hins vegar ekki makleg málagjöld og fer ekki langt heldur bíður hún þarna úti...<sup>17</sup>

Austurríski barnasálfræðingurinn Bruno Bettelheim sagði að börn sem ættu við sálræna erfiðleika að stríða löðuðust að ævintýrum umfram aðra texta af því að í ævintýrunum gætu þau yfirfært sinn innri veruleika á persónur og leikendur og tekist á við sína innri óvini í formi dreka og trölla og fjandsamlegra stjúpmæðra. Litla barnið getur orðið skelfingu lostið yfir því að foreldrið ætli að drepa það eða hafna því og yfirgefa það, skilja það eftir. Barnið getur orðið mjög reitt og óskað foreldrunum refsingar eða dauða fyrir misgjörðir sínar við það. Bettelheim segir að barnið geti alls ekki tekist á við þennan ótta sinn og árásgirni beint, það sé of hættulegt. Barnið færir því ótta sinn við eitt viðfang yfir á annað (það er ekki móðirin sem er vond við mig heldur stjúpmóðirin – það er ekki hún heldur nornin) eða ummyndar viðfangið (amma sem var svo góð er nú orðin að úlfi) eða það getur yfirfært sína eigin reiði eða hatur á viðfangið (það er ekki ég sem ætla að gera þér mein – það ert þú sem ætlar að gera mér mein ef þú getur). Á þennan hátt getur barnið tekist á við eigin tilfinningar í formi dreka og norna og náð valdi yfir ótta sínum.

Margir aðrir barnasálfræðingar hafa sagt þetta sama eða það að börn þarfnist ófreskja og annarra furðuvera af því að þau yfirfæri neikvæðni, árásgirni og tilfinningakulda foreldranna yfir á skrímslin og þau geta yfirunnið þessi skrímsli, drepíð þau eða kúskað og náð þannig valdi yfir sínum dýpsta ótta og áhyggjum.

Með því að færa galla foreldranna yfir á skrímslin geta börnin haldið í upphafningu sína á foreldrum sem eru ef til vill ekki upp á marga fiska.<sup>18</sup> Það er auðveldara að eiga við hlýðið og eftirlátt barn en óhlýðið og uppivöðslusamt og þó að þeir fullorðnu reyni mögulega að láta líta út fyrir að þeir séu strangir en réttlátir uppalandur sem refsí barninu af því að það sé því sjálfu fyrir bestu, liggur oft að baki refsingunum reiði í garð barnsins, jafnvel sadísk löngun eftir að brjóta vilja þess til að gera það fullkomlega undirgefð og hafa vald yfir hverri þess tilfinningu og hverri þess gjörð.

Maria Tatar neitar því engan veginn að ævintýri og barnagælur/fælur búi ekki yfir djúpsálarfræðilegri merkingu eða höfði til dýpstu laganna í sálarlífi barna. En hún bendir á að viðvörunarsögurnar verða til og ævintýrin eru skráð á tímum þar sem ungbarnadauðinn gat farið uppundir sjötíu prósent, börn voru myrt við fæðingu, skilin eftir í skúmaskotum húsa, dóu úr hungri eða hirðuleysi. Þannig gæti upphafið á sögunni af *Hans og Grétu* endurspeglad raunverulegar þjóðfélagsaðstæður í Evrópu í upphafi nítjándu aldarinnar. Tatar gagnrýnir hinn fræga barnasálfræðing Bruno Bettelheim fyrir að taka sér alltaf stöðu gegn barninu í ævintýratúlkunum sínum í hinni frægu og dáðu bók *The Uses of Enchantment*.<sup>19</sup> Í hans túlkun eru foreldrarnir í hlutverki trölls og mannætu í fantasíu barnsins af því að barnið er að yfirfæra eigið hatur á foreldrana, ef foreldrar Hans og Grétu skilja þau eftir er það af því að Hans og Gréta þrá dulvitað að losna við foreldrana o.s.frv. Tatar gagnrýnir sömuleiðis þá stefnu Bettelheim að ekki megi útskýra ævintýrin fyrir börnum eða ræða hvað þau segi börnunum um sjálf sig. Við höfum séð í mörgum dæmum hér að framan að þeir fullorðnu eru alltaf að segja eitthvað við börnin í textum sínum og segja það svo að það fer ekki á milli mála. Að sýna getur nefnilega verið að segja líka.<sup>20</sup>

Silja Aðalsteinsdóttir segir í *Raddir barnabókanna* að menn hafi byrjað að skrifa sérstakar bækur fyrir börn í byrjun aldarinnar þegar fullorðinsbækurnar þóttu orðið of ljótar fyrir börnin en áður höfðu börn hlustað á og

lesið nokkurn veginn það sama og hinir fullorðnu. Þessi aðskilnaður barna og fullorðinsbóka hafi verið algjörlega nauðsynlegur til að skáldsagan fyrir fullorðna gæti þróast og smám saman hafi svo komið fram skáldsögur fyrir börn og unglina líka.<sup>21</sup> Ætli þessi þróun hafi ekki bæði orðið af því að fullorðnir vildu ekki bjóða börnum upp á sínar ljótu bækur og ekki síður að þeir vildu ekki bjóða sér og sínum upp á þær áminningar og viðvaranir um hlýðni og undirgefni sem átti að einkenna barnabækurnar og einkenndu til dæmis bækur Sigurbjarnar Sveinssonar og Nonna fyrst á öldinni.

Það væri ekki hægt að skrifa viðvörunarsögur fyrir börn og unglina í dag og ef Maria Tatar hefur rétt fyrir sér þarf þess ekki því að þær eru til staðar og virka enn í sterkustu hefðum barnamenningarinnar á Vesturlöndum eða gömlu töfraævintýrunum. Það þýðir hins vegar ekki að við eigum að hætta að miðla þessum gömlu og heillandi sögum þó að við séum ekki alfarið sáttt við skilaboðin sem þau flytja börnunum okkar. Fjarri fer því. Við eigum einmitt að segja börnunum ævintýri og því fleiri gerðir sem við finnum því betra og því meiri þátttöku barnanna sem við getum laðað fram því betra. Það skiptir nefnilega meginmáli að ævintýrin birtist börnunum ekki eins og einhvers konar „frumsögur“ heldur gamlar sögur sagðar börnum til að skemmta þeim og kenna en bæði skemmtunina og kennsluna sem við bjóðum börnum okkar á að vera hægt að gagnrýna og hún ætti að vera líflegt umræðuefni fullorðinna og barna.

*Höfundur er prófessor í bókmenntafræði  
við Háskóla Íslands*

16 Úr textaheftinu með geisladisknum *Raddir*, Andri Snær Magnason og Rósa Þorsteinsdóttir sáu um útgáfuna og völdu efni, Stofnun Árna Magnússonar gaf út.

17 Óbirt námsritgerð eftir Evu Mariu Jónsdóttur úr námskeiðinu *Barnabækur* sem ég kenndi við Háskóla Íslands, haust 2000.

18 Tatar 39

19 Bruno Bettelheim: *The Uses of Enchantment*, Vintage Books, New York, 1977

20 Tatar, 77-79.

21 Silja Aðalsteinsdóttir: *Íslenskar barnabækur. Sögulegt yfirlit* í *Raddir barnabókanna*, Silja Aðalsteinsdóttir valdi greinarnar og ritaði formála, Mál og menning, 1999



# BÖRN OG MENNING

2. tbl. 2001 16. árg. verð 570 kr.



menntaskólinn á Akureyri – Bókasa